



Fundur í skólaráði Grunnskóla Borgarfjarðar 10.febrúar 2024

Mætt :

Fulltrúar foreldra: Jónína Svavarsdóttir, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, Arnaldur Jón Gunnarsson boðaði forföll.

Fulltrúar kennara: Elísabet Halldórsdóttir, Lára Kristín Gísladóttir

Fulltrúai almenns starfsfólks Anna Sigríður hefur hætt við skólann og enginn fulltrúi verið fenginn í hennar stað.

Fulltrúar nemenda: Baldur Karl Andrason og Sesselja Narfaóttir voru á Teams

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri stýrði fundinum.

1. Fjárhagsáætlun ársins 2025 kynnt :

Heildartala kr. **710.961.161**

- Laun og launatengd gjöld 463.090.524
- Vörukaup 27.295.944
- Þjónustukaup 19.735.096
- Innri leiga og afnot af húsnæði 90.877.835
- Skólaakstur 101.333.898

2. Niðurstöður Skólapúlsins haust 2024 kynntar. Í haust voru lagðar kannanir fyrir 6.-10.bekk og einnig fyrir 2.-5.bekk. Helstu niðurstöður kynntar og ræddar. Kennarar og stjórnendur hafa rýnt þær og unnið aðgerðaráætlanir sem vonandi munu skila árangri.

3. Nokkur atriði úr skólastarfinu kynnt og rædd.

Einn kennari á leið í fæðingarorlof á vormánuðum, búið að ráða í afleysingu fyrir hann.

Brynhildur Eyja nemandi í 5.bekk á Hvanneyri hlaut verðlaun fyrir ljóð í ljóðasamkeppni .

Söngvarakeppninni nýlokið og tókst vel.

Reykjaferð 7.bekkar tókst vel þrátt fyrir válynd veður. Nokkrar umræður um skólabúðirnar.

Skil á nýbyggingu skólans tefst eitthvað. Vonir standa til að vesturendi byggingarinnar verði þó tilbúinn í skólabyrjun í haust.

Skóladagatali breytt í samráði við skólaráð í tölvupóstsamskiptum. Umræður um vetrarfrí,

Skíðaferð 1.-7.bekka fyrirhuguð 18.febrúar.

Upplestrarkeppni 7.bekka haldin að þessu sinni af GBF og verður í Þinghamri 19.mars

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Ingibjörg Adda ritaði fundargerð